

**Ed.**

**307. Frumvarp**

til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjársjóta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**I. KAFLI.**

**Um innflutningsheimild og innflutning.**

**1. gr.**

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að láta flytja inn sauðfé af brézkku holdafjarkyni og karakulafé frá Þýzkalandi á kostnað ríkissjóðs til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

**2. gr.**

Aðeins má flytja inn sauðfjárkyn frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

Karakulafé má einungis flytja inn í samráði við dýralæknaráð þeirra ríkja, sem féð yrði flutt frá. Að öðru leyti gilda ákvæði fyrri málsgreinar um allar varúðarreglur.

**3. gr.**

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skozkum eða þýzkum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skozkum eða þýzkum lögum því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

**4. gr.**

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi eða Þýzkalandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

## **II. KAFLI.**

### **Um sóttvarnir.**

**5. gr.**

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkví til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er ráðherra heimilt að taka til þess haganleg svæði í eyjum eða á landi.

**6. gr.**

Þá er skip það kemur í höfn, sem féð flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álitur féð heilbriggt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Skal því haldið þar svo lengi, sem dýralæknir, í samráði við formann rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, telur nauðsynlegt.

Ef féð er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sóttgreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar, og eigi fyrr en örugg sóttgreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkvi, skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

#### 7. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að álíti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart, og fara með eftir ströngustu sóttvarnareglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að féð er í sóttkvi komið, og skal svo með fara sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkvi eða taka þangað annað fé, fyrr en dýralæknir og formaður rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna telja óhætt.

#### 8. gr.

Fé, sem í sóttkvi er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

#### 9. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma en hið innflutta fé, samanber þó 10. gr.

### III. KAFLI.

#### Um einblendingsrækt.

#### 10. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkvi, skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lifvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær íslenzkar, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnareglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum iskyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

#### 11. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkvi tilskilinn tíma og er ósjúkt, að álíti dýralæknis. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönn-

um, fjárræktarfélögum, eftirlits- og fodbirgðafélögum, búnaðarfélögum og sveitarfélögum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengið þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

#### 12. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotið af misnotkun hennar, og greint frá hver viðurlög eru, ef út af reglunum er brugðið.

#### 13. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Sé hann þá lifandi samkvæmt ákvörðun eða vilja eiganda, skal eigandi sæta sektum, auk þess sem kindin skal vera eign ríkissjóðs.

Eiganda einblendinga er óheimilt að selja þá öðrum, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess. sem ræðir um í 16. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Afkvæmi einblendinga, er finnast kunna, skulu eign ríkissjóðs, en eigandi sæti sektum, ef þau eru til orðin með vilja hans og vitund.

#### 14. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 16. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í islenzku sauðfé.

#### 15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir, sem stunda einblendingsrækt, gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárens, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

#### 16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

#### IV. KAFLI.

##### Um stofnfjárrækt.

###### 17. gr.

Nú þykir sýnt, að álitu Búnaðarfélagu Íslands, að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verði hér til verulegra hagsbóta. Er þá atvinnumála-ráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé í engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri, á kostnað rikissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

#### V. KAFLI.

##### Um brot, sektir o. fl.

###### 18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvis að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á lögunum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innflutta kyni, vera upp-tækir og eign rikissjóðs.

###### 19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lög-reglumál.

###### 20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.